

Stjórnarfundur 283

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
28.02.2023	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 283
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 10:30	
Fundarmenn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, Hilda Jana Gísladóttir, Geir Kristinn Aðalsteinsson, Sif Jóhannesar Ástudóttir, Þórhallur Jónsson, Þórunn Harðardóttir, Eyþór Björnsson.	Erla Björg Guðmundsdóttir	
Sunna Guðmundsdóttir sat fundinn undir lið 1 og 2.		
Í fjarfundi		
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, Arnaldur B. Magnússon, Hjalti Steinn Gunnarsson, Stefán H. Steindórsson og Kristín Kjartansdóttir.		

- 1. Orkey**
- 2. Metan, staða og framtíð**
- 3. Hitaveita í Grýtubakkahreppi**
- 4. Arnarnes, kaup á jarðhitaréttindum og jörð**
- 5. Viðauki við samning um yfirtöku fráveitu Akureyrarbæjar**
- 6. Íslensk Orka ehf**
- 7. Önnur mál**

1. Orkey

Á 282. fundi kynnti Ásgeir Ívarsson hugmyndir sínar um framtíð Orkeyjar. Ákveðið var að halda umræðum áfram á 283. fundi stjórnar NO. Stjórnarformaður Moltu hafði lýst áhuga á því að skoða hvort og þá hvernig Moltu myndi koma að Orkey en ekkert hefur heyrst frá honum. Telur framkvæmdastjóri Moltu áhuga ekki lengur vera til staðar.

Stjórn Norðurorku hf. ákveður að selja Orkey og felur forstjóra að undirbúa auglýsingu og sölu félagsins.

2. Metan, staða og framtíð

Metanframleiðslan heldur áfram að dala eins og verið hefur og enn þrengir að. Í nokkur ár hefur Norðurorka varað við því að þessi staða muni koma upp og hvatt til þess að samfélagið taki ákvörðun um það hvað verður gert og hver sér um það. Hlutverk Norðurorku var og er að fanga metan úr haugnum á Glerárdal en eftirspurn er talsvert umfram framleiðslugetu haugsins. Norðurorka hefur verið í samtali við Sorpu um kaup á flutningsfleti en Sorpa er með í undirbúningi að bjóða út kaup á fletum. Norðurorka stefnir að því að vera í samfloti með Sorpu í kaupum, annars vegar af hagkvæmniástæðum og hins vegar til þess að tryggja það að keypt verði samskonar búnaður. Tafir hafa verið á því að Sorpa ljúki undirbúningi og fari í útboð en Norðurorka hefur fylgt málinu eftir gagnvart þeim. Í dag verður fundum með Sorpu um málið þar sem leitað verður leiða til að flytja metan norður með bráðabirgðalausn. Það er álit stjórnenda Norðurorku að það geti hins vegar ekki verið framtíðarlausn að Norðurorka standi í því að flytja eldsneyti á milli landshluta. Það er langt út fyrir það hlutverk sem fyrirtækið tók að sér, þ.e. að fanga metan úr haug á Glerárdal.

Málinu frestað til næsta fundar.

3. Hitaveita í Grýtubakkahreppi

Norðurorku barst svohljóðandi erindi frá sveitarstjóra Grýtubakkahrepps

"Sæll Eyþór

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tók á fundi sínum í gær til umræðu skýrslu Byggðastofnunar um orkukostnað heimila. Eftirfarandi var bókað undir dagskrárlið nr. 8

„8. Orkukostnaður heimilanna, skýrsla Byggðastofnunar frá 30. janúar 2023.

Skýrsla lögð fram. Í skýrslunni kemur fram að kostnaður vegna húshitunar er óvíska hærra en í Grýtubakkahreppi og hefur ekki lækkað með árunum eins og væntingar voru um.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska eftir fundi með stjórn og framkvæmdastjóra Norðurorku til að ræða húshitunarkostnað."

Í samræmi við bókunina er hér með óskað eftir fundi sveitarstjórnar með stjórn og forstjóra Norðurorku við fyrstu hentugleika."

Um síðustu áramót var gerð breyting á gjaldskrá Norðurorku þar sem hitaveita var almennt hækkuð um 14% en Reykjaveita var hækkuð einungis í samræmi við verðlagspróun, 8.1%. NO hefur leitað til KPMG um að gera virðismat á Reykjaveitu þar sem m.a. verður tekið tillit til lána vegna framkvæmda veitunnar.

Stjórn felur forstjóra að vinna málið áfram og boða til fundar með Grýtubakkahreppi þegar virðismat liggur fyrir.

4. Arnarnes, kaup á jarðhitaréttindum og jörð

Á jörðinni Arnarnesi er okkar mikilvægasta jarðhitaauðlind og hefur það verið á málgað óformlega nokkrum sinnum að Norðurorka hf. myndi kaupa jarðhitaréttindin og jafnvel jörðina líka. Nú hafa eigendur Arnarness ákveðið að selja hvoru tveggja. Fasteignasala var falið að byrja á því að bjóða NO jörð og jarðhitaréttindi til sölu áður en eignin yrði sett í almenna sölu.

Stjórn felur forstjóra að vinna málið áfram.

5. Viðauki við samning um yfirtöku fráveitu Akureyrarbæjar

Um nokkurt skeið hefur Akureyrarbær óskað eftir því að breyting verði gerð á samningi um yfirtöku Norðurorku hf. á fráveitu bæjarins. Það felur m.a. í sér að útvíkka skilgreiningu á því hvað fellur undir fráveitu. Norðurorka hf. hefur ekki fallist alfarið á þá tillögu og eru þau álitaefni reifuð ágætlega í minnisblaði frá lögfræðingi, sjá meðfylgjandi gögn. Mikilvægt er að vandlega sé skilgreint hvaða viðfangsefni falla undir þær breytingar sem eftir er óskað, hvernig farið verður með skipulag þeirra svæða og hvernig mögulegum kostnaðarauka fyrir Norðurorku verður mætt.

Stjórn felur formanni og forstjóra að vinna málið áfram með Akureyrarbæ og leggja tillögu fyrir stjórn.

6. Íslensk Orka ehf

Íslensk Orka ehf samþykkti á aðalfundi sínum 21. febrúar 2023 að breyta samþykktum á þann veg að heimild til aukningar hlutfjár um allt að 30 millj. verði framlengd til ársins 2028 en með fyrirvara um samþykki stjórnar eigenda. Stjórn NO þarf að taka afstöðu til þess.

Stjórn Norðurorku hf. samþykkir tillögu stjórnar Íslenskrar Orku ehf. um framlengingu á heimild til hlutfjárukningar.

7. Önnur mál

Ekki voru önnur mál á dagskrá.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:30